



## Viljayfirlýsing

### um samstarf vegna úttektar á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Skólameistarafélag Íslands og Heimili og skóli lýsa yfir sameiginlegum vilja til að standa að úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur undirritað verksamning við *Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir* (European Agency for Special Needs and Inclusive Education) um framkvæmd úttektarinnar. Úttektin hefst í nóvember 2015 og er áætlað að verkinu ljúki í árslok 2016.

Til grundvallar samstarfi þessu liggur samningur undirritaður af mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúum Evrópumiðstöðvarinnar ásamt verkefnaáætlun.

Um útfærslu samstarfs um úttektina og eftirfylgni hennar, svo sem um faglegt og fjárhagslegt framlag aðila, fer samkvæmt nánara samkomulagi aðila.

Reykjavík, 3. nóvember 2015

---

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

---

Velferðarráðuneyti

---

Samband íslenskra sveitarfélaga

---

Kennarasamband Íslands

---

Heimili og skóli, landssamtök foreldra

---

Skólameistarafélag Íslands